

Sp.

740. Þingsályktun

um nefndarskipun til að athuga skilyrði fyrir byggingu og rekstri skipasmíðastöðvar í Reykjavík og allsherjarskipulagi á strandferðum landsins.

(Afgreidd frá Sp. 12. apríl.)

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa, eftir tilnefningu þingflokkanna, fjóra menn í nefnd til að:

1. Rannsaka skilyrði fyrir byggingu og starfrækslu fullkominnar skipasmíðastöðvar í Reykjavík.
2. Athuga og gera tillögur um nýja skipun strandsiglinga, einkum um fyrirkomulag flóabáta og hversu bezt megi samræma ferðir þeirra við siglingar strandferða- og millilandaskipa.

Ríkisstjórnin skipar einn af nefndarmönnum formann. Nefndin fær, fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar, alla þá aðstoð við starf sitt, sem kunnáttumenn í þjónustu ríkisins geta veitt henni.